

155 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um**
 17. des. **sveitfesti þurfalings.** — Út af erindi, er hingað hefur borizt beina leið frá hreppsnefndinni í Grindavíkurhreppi, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, herra amtmaður, dags. 19. apríl þ. á., er ákveður, að hinn forni Leiðvallahreppur skuli vera laus við að greiða Grindavíkurhreppi framlag til Gests nokkurs Bárðarssonar, og að Grindavíkurhreppur skuli álitast framfærslusveit tjeðs Gests, skal yður hjer með þjónustusaml. tjáð til þkl. leiðb. og frekari birtingar, að jeg er yður samdóma um, að meðlagsgreiðsla hreppsnefndarinnar í Grindavíkurhreppi til húsbónda Gests, fyrrum sýslumanns Árna Gíslasonar í Krisuvík á 10. dvalarári Gests í hreppnum, geti með engu móti álitizt löglega veittur sveitarstyrkur Gestu til handa, þar sem Gestur sjálfur alls eigi hefur beiðst styrks, og engin rannsókn fram farið um það, hvort hann gæti ekki komizt af og haft viðunanlegan samastað án styrkveitingar, auk þess sem ekki verður annað sjeð mál-skjölunum, en að hann hið umrædda vistarár 1890—91, þegar meðlagsgreiðslan á að hafa fram farið, hafi dvalið óumtalið hjá Árna Gíslasyni í Krisuvík langt fram yfir hjúskildaga, og verði því að skoðast sem hjú Árna sýslumanns einnig það ár, þrátt fyrir það, þótt hann um sumarið 1890 hafi sagt hann til sveitar. En með því að Gestur þannig hefur dvalið 10 ár í Grindavíkurhreppi án þess að þiggja löglega veittan sveitarsstyrk, þá leiðir af því, að hann hefur með dvöl sinni áunnið sjer sveitfesti í nefndum hreppi, og skal því úrskurður yðar í máli þessu í öllum greinum óraskaður standa.

Embættaskipan og sýslana.

8. desbr. var Jón bóndi Bergsson á Egilsstöðum í Vallahreppi í Suður-Múlasýslu af landshöfðingja skipaður *póstafgreiðslumaður* frá 1. jan. 1896 að telja.

31. desbr. veitti landshöfðingi aukalækni *Oddi Jónssyni* styrk fyrir 1896 og 1897 sem aukalækni í Strandasýslu norðanverðri, samkvæmt tjárlaganna 11. gr. 2. l.

Íhuguðu get jeg eigi komizt að annari niðurstöðu, en að sú þörf eða nauðsyn hafi eigi verið fyrir hendi, sem geti rjetlætt það, að veita Hjörþór Illugasyni styrk af látækrafje, og verð jeg því að álíta styrkveitinguna ólögmæta, og að hún eigi geti verið því til fyrirstöðu, að hann hafi áunnið sjer sveitfesti í Stokkseyrarhreppi.

Samkvæmt þessu úrskurdast hjer með, að Hvítársíðahreppur skuli vera laus við að endurgjalda Stokkseyrarhreppi hinn umrædda sveitarstyrk og þar sem hreppsnefndin í hinum fyrnefnda hreppi þegar hefur innt af hendi 57 kr. 40 au. með þeim fyrirvara, að þessi upphæð yrði borguð sjer aptur, ef það yrði ofan á síðar meir, að hreppurinn hefði átt að rjettu lagi að hafa neina byrði eða neinn kostnað af Hjörþór Illugasyni og hyski hans, ber hreppsnefndinni í Stokkseyrarhreppi að endurgjalda Hvítársíðahreppi 57 kr. 40 au., en optnefndur Hjörþór Illugason skal álitast sveitlægur í Stokkseyrarhreppi.

Þetta eruð þjer þjónustusamlega um beðinn að tilkynna hreppsnefndinni í Stokkseyrarhreppi og annast um, að hún sem fyrst endurborgi hina nefndu upphæð.